

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. **P** 127/2144
komudagur 13.5.2002


Akranesi 8. maí 2002
Tilvísun: L02050005

Efni: Þingsályktun um alþjóðlega rannsóknamiðstöð á sviði landverndar

Landmælingar Íslands hafa um langt árabil átt mjög gott samstarf við Rannsóknarstofnun landbúnaðarins, Landgræðslu ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands vegna verkefna sem tengjast rannsóknum og kortlagningu á jarðvegs- og gróðureyðingu. Stofnanirnar hafa saman byggt upp og aflað þekkingar um notkun fjarkönnunartækni á þessu sviði auk þess sem stafræn kortagögn frá Landmælingum Íslands eru grunnöggn í verkefnum sem þessum.

Ljóst er að mikið starf er framundan við að kortleggja og meta ástand gróðurs og jarðvegs á Íslandi og því styðja Landmælingar Íslands þá hugmynd að styrkja þetta verkefni með því að setja upp alþjóðlega rannsóknarmiðstöð á Íslandi sem hafi það meginhlutverk að þróa aðferðir við rannsóknir á þessu sviði. Hinsvegar þarf að gæta þess að setja ekki á fót nýja stofnun heldur styrkja frekar þær stofnanir sem fyrir eru.

Bestu kveðjur


Magnús Guðmundsson